

SAMÞYKKT

um hundahald í Ölfushreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Ölfushreppi.

2. gr.

Sveitastjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í Ölfushreppi, undanþágu frá 1. grein og leyfa hundahald utan lögbýla með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt leyfi sameiganda/stjórnar húsfélags fylgja umsókn.
- c) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður árlega í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfestir og skal við það miðað að standa straum af kostnaði, sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar.
Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan árlega fyrirfram og er gjalddagi 1. maí. Hafi gjaldið ekki verið greitt mánuði frá gjalddaga, fellur leyfið úr gildi.
- d) Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartrygðan. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda á mönnum, dýrum og gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Hundurinn skal árlega færður til hreinsunar. Um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- f) Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypt skráningar-númer hundsins og nafn og heimilisfang eiganda hans. Einnig skal við ólina festa merki, sem sýni að viðkomandi hundur hafi verið hreinsaður.
- g) Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utanhúss. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.
- h) Ekki má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra þá staði, sem um ræðir í IX—XV. kafla og XVIII. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, en þeir eru helstir:
 1. Gistihús, veitingastaðir og söluskálar.
 2. Skólar, barnaheimili.
 3. Heilbrigðisstofnanir, íþróttastöðvar og baðstaðir.
 4. Samkomuhús.
 5. Húsnæði, þar sem framleidd eru eða seld matvæli og aðrar neysluvörur.

Ef brotin eru skilyrði þessarar greinar getur það varðað refsingu samkvæmt 7. gr.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal send sveitarstjórn, sem gefur út umbedið leyfi að fengnu álitni heilbrigðisnefndar. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá Ölfushreppi. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Senda skal sýslumanni Árnessýslu afrit af leyfisbréfi. Leyfishafi fær merkta plötu, sbr. f-lið, 2. gr. og eintak af reglugerð um hundahald í Ölfushreppi.

4. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur sveitarstjórn afturkallað leyfið.

Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum Ölfushrepps og heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn getur að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd sett reglur um nánari framkvæmd samþykktar þessarar.

6. gr.

Hættulega hunda, óleyfilega hunda, sem ganga lausir utanhúss skal handsama og færa í sérstaka hundageymslu.

Kostnaður vegna töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 2ja daga frá því að hundurinn var handsamaður, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi. Með brot vegna samþykktar þessarar skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1981.

8. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Ölfushrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Ölfushreppi frá 15. maí 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1987.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Siglufirði.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Siglufirði:

Umferð vörubifreiða og vinnuvéla um Hafnargötu er bönnuð, nema um framkvæmdir við götuna sé að ræða.

Auglýsingin tekur gildi við birtingu.

Lögreglustjórnin í Siglufirði, 20. maí 1987.

Erlingur Óskarsson.